

Skrifstofa réttarfars og stjórnsýslu í dómsmálaráðuneytinu

Dómsmálaráðuneytið hefur kynnt áform um breytingar á kosningalögum og kallað eftir athugasemdum og tillögum um það sem betur má fara í lögum, sbr. auglýsingu sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda 30. maí 2022.

Á fundi byggðaráðs Múlaþings 21. júní 2022 var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

Endurskoðun kosningalaga - áform um lagasetningu

Málsnúmer 202205450

Fyrir liggur umsögn formanns yfirkjörstjórnar Múlaþings varðandi áform um breytingu á kosningalögum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings felur sveitarstjóra að koma umsögn, fyrir hönd sveitarfélagsins, varðandi áform um breytingu á kosningalögum, á framfæri í samráðsgátt stjórnvalda innan tilskilins frests.

Meðfylgjandi eru ábendingar og athugasemdir sveitarfélagsins Múlaþings, kt. 660220-1350, við Kosningalög nr. 112/2021.

Hér fyrir neðan koma athugasemdir er varða greinar 18 og 39. Í öðru skjali sem Hlynur Jónsson, formaður yfirkjörstjórnar Múlaþings, vann fyrir sveitarfélagið, koma fram athugasemdir er varða kosningu til heimastjórna.

Varðar 18. og 39. gr. kosningalaga nr. 112/2021

Við undirbúning sveitarstjórnarkosninga 14. maí s.l., þegar í fyrsta sinn var kosið eftir nýjum kosningalögum kom fram alvarleg gagnrýni á ákvæði laganna sem varða kjörstjórnir, sbr. einkum 18. og 39. gr. laganna, en báðar þessar greinar ganga of langt og taka ekki mið af aðstæðum á sveitarstjórnarstigi.

Um 18. gr.

18. gr. fjallar um hæfi kjörstjórnarmanna:

Kjörstjórnarmaður, sbr. 15. gr.¹, og fulltrúi í landskjörstjórn skal víkja úr kjörstjórn ef einstaklingur er í kjöri sem er eða hefur verið maki hans, sambúðarmaki, fyrrverandi sambúðarmaki eða skyldur eða mægður honum í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar.

Fyrir gildistöku kosningalaga giltu hæfisreglur 20. gr. sveitarstjórnarlaga en þó aðeins með þeim hætti að vanhæfum sveitarstjórnarmanni bar að víkja ef úrskurða þurfti í máli, svo sem um lögmati framboðslista eða um kosningaúrslit. Nú er hins vegar gerð afdráttarlaus krafa um að kjörstjórnarmaður víki úr kjörstjórn vegna þeirra tengsla sem lýst er í greininni.

Greinin felur í sér mun stífari reglu en áður var í gildi í sveitarstjórnarkosningum. Einnig gengur reglan umtalsvert lengra en hin almenna hæfisregla í 20. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem hæfi miðast við skyldleika eða mægðir í beinan legg og að fyrsta lið til hliðar. Þá er enginn greinarmunur gerður í því hvort um er að ræða landskjörstjórn, yfirkjörstjórn sveitarfélags eða undirkjörstjórn, þótt undirkjörstjórnir úrskurði ekki í ágreiningsmálum heldur beri fyrst og fremst ábyrgð á að framkvæmd á kjörstað fari skv. lögum.

Við undirbúning sveitarstjórnarkosninga 2022 komu fram athugasemdir frá kjörstjórnnum um að skyldleiki kjörstjórnarmanna við frambjóðendur á listum væri að leiða til þess að fjöldi kjörstjórnarmanna, bæði í yfir- og undirkjörstjórnnum, þyrfti að víkja sæti, sem var raunin. Í þeirra stað þurfti sveitarstjórn að kjósa nýja fulltrúa í kjörstjórnir sem í mörgum tilvikum höfðu litla reynslu af framkvæmd kosninga.

Vert er að áréttta sérstaklega að í lögnum birtist alls ekki nægilega skýr hugsun um hæfi kjörstjórna. Út frá orðalagi 18. gr. vakna m.a. spurningar um hvort vanhæfur kjörstjórnarmaður skuli víkja tímabundið, þ.e. við þær kosningar sem vanhæfisástæður eiga við um, eða beinlínis víkja varanlega úr kjörstjórn, þannig að hægt sé að kjósa nýjan kjörstjórnarfulltrúa.

Það sem skiptir þó e.t.v. enn meira máli er að ekki er skýrt hvort aðrar vanhæfisástæður geti átt við þegar reglu 18. gr. kosningalaga sleppir. Sú grein fjallar eingöngu um skyldleika/vensl en ekki vanhæfi af ýmsum öðrum ástæðum, sbr. hins vegar 20. gr. sveitarstjórnarlaga og 3. gr. stjórnsýslulaga.

Einnig þarf að skýra hvort hæfisregla 18. gr. gildi ekki um óbundnar kosningar, þar sem allir íbúar með kosningarrétt eru í raun í framboði og t.d. þegar kosið er til heimastjórna, eins og hjá Múlaþingi

Um 39. gr.

39. gr. fjallar um framboðslista og kemur fram í 5. mgr. að:

Kjörstjórnarfulltrúar geta ekki verið meðmælendur framboðslista.

¹ Sjá 2. mgr. 15. gr.

Kjörstjórnir við kosningar samkvæmt lögum þessum eru:

- a. Yfirkjörstjórnir kjördæma.*
- b. Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga.*
- c. Umdæmiskjörstjórnir.*
- d. Hverfiskjörstjórnir.*
- e. Undirkjörstjórnir.*

Þessi regla flækir yfirferð meðmælendalista og er of rúmt orðuð, sbr. það sem áður segir um mismunandi hlutverk yfir- og undirkjörstjórna. Þannig er hvergi útskýrt hvort orðið „kjörstjórnarfulltrúi“ taki til allra kjörstjórnarmanna og mögulega einnig starfsmanna á kjörstað.

Mögulegar leiðir til að leysa úr framangreindum vanda:

- 1) Að bætt verði inn í 18. gr. að ákvæðið gildi aðeins þegar kjörstjórn úrskurðar í einstökum málum, s.s. um gildi framboðslista og um úrslit kosninga.
- 2) Að í stað 18. gr. um hæfi kjörstjórnarmanna verði sett inn ákvæði um að um hæfi kjörstjórnarmanna fari eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga en þó aðeins þegar kjörstjórn úrskurðar um vafaatriði.
- 3) Að við sveitarstjórnarkosningar gildi hæfisregla 18. gr. aðeins að 1. lið til hliðar og eingöngu um fulltrúa í yfirkjörstjórn
- 4) Regla 18. gr. gildi ekki um óbundnar kosningar
- 5) Í sveitarstjórnarkosningum gildi regla 5. mgr. 39. gr. aðeins um yfirkjörstjórn sveitarfélags